

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1969.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1969.

I. Veðurfar ársins.

Í janúar var tíðarfarið fremur óhagstætt. Aðallega norðlæg átt, einkum norð-austlæg. Fremur var snjólítið, meðalsnjódýpt var 21 cm., mest 40 cm.

Hámark hita mældist 8.5 stig þ. 1., lágmark -19.0 stig 31. s. m. og -21.9 stig á lágmarksm. v/ jörð þ. 6.

Í febrúar var tíðarfarið mjög kalt með köflum og breytileg átt. Meðalsnjódýpt var 42 cm., mest 59 cm.

Hámark hita mældist 7.2 stig þ. 28., lágmark -23.0 stig þ. 8., og á lágmarksm. v/ jörð -28.4 stig þ. 20.

Í marz var tíðarfarið mjög kalt, sérstaklega fyrri hluta mánaðarins. Mikil svellalög voru víða og lélegir hagar.

Ofsaveður gekk yfir 5. marz og stóð aðallega yfir frá kl. 13³⁰-15⁰⁰. Skemmdir urðu þó engar teljandi hér í sveitinni, enda var veðurofsinn ekki eins gífurlegur og t. d. á Akureyri, en þar urðu mjög miklar skemmdir.- Brennisteinsfýla fannst hér aðfaranótt þ. 23.

Sunnanátt var tíðust í mánuðinum. Meðalsnjódýpt var 40 cm., mest 50 cm.

Hámark hita mældist 8.5 stig þ. 16., lágmark -27.8 stig og á lágmarksmæli v/ jörð -35.1 stig þ. 9.

Apríl. Tíðarfarið var mjög breytilegt, sunnan og suð-austan átt var tíðust að tiltölu, en norðanátt var þó fremur tíð. Meðalsnjódýpt var um 10 cm., mest 26 cm.

Hámark hita mældist 10.7 stig þ. 18., lágmark -15.5 stig og á lágmarksm.v/ jörð -19.7 stig þ. 13.

Mái. Tíðarfarið var hagviðrasamt, frekar kalt og mjög þurr norðanlands.. Átt var mjög breytileg.-

Klaki var ekki mikill í jörð, sérstaklega hér í skóginum. Brum á birki fór að þrútna um 20. maí en gróðri fór afar hægt fram.

Hámark hita mældist 17.9 stig þ. 25. og 26., en lágmark -9.0 stig og -12.2 stig á lágmarksm. v/ jörð þ. 13.

Í júní var hlýtt og úrkomusamt, miðað við venju. Sunnanátt var tíðust.

Þann 4. júní byrjaði skógurinn að litkast og var lerki þá orðið grænt og 12. var skógurinn að mestu laufgaður.

Þann 13. hvítnaði miður í miðjar hliðar. Þrumur heyrðust þ. 23.

Hámark hita mældist 22.6 stig þ. 17., en lágmark -2.1 stig og -6.1 stig á lágmarksm. v/ jörð þ. 2. Í mælskýli mældist tvisvar frost, en fjórum sinnum á lágmarksm. v/ jörð.

Í júlí var úrkomusamt, einkum síðari hluta mánaðarins og var tíðarfarið því ekki sem hagstæðast til heyskapar, þó það væri miklum mun betra en víðast annarsstaðar á landinu.

Sláttur hófst hér í sveitinni í byrjun júlí, almennt þó ekki fyrr en um þ. 12.

Átt var mjög breytileg, noððan- og sunnanáttir tíðastar.

Hámark hita mældist 19.6 stig þ. 9. og 31., en lágmark 0.8 stig en -1.9 stig á lágmarksm. v/ jörð þ. 7.

Í ágúst var tíðarfarið hlýtt og heyskapartíð góð, þó nokkuð væri úrkomusamt.

Sunnanátt var langtíðurst í mánuðinum.- Skógurinn byrjaði að gulna í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 20. 6 stig þ. 14., en lágmark 0.6 stig og -1.5 stig á lágmarksmáli v/ jörð þ. 22.

Frost mældist þrisvar á lágmarksmáli við jörð í mánuðinum.

Í september var samilegt tíðarfar, en frekar kalt. Breytileg átt, en þó var suðlæg átt tíðust.

Þann 25. kólnaði og brá til snjókomu. Hélzt svo út mánuðinn.

Hámark hita mældist 17.6 stig þ. 3., en lágmark -4.9 stig og á lágmarksmáli v/ jörð -8.0 stig. Fyrsta frost í mánuðinum mældist þ. 10., - 3.7 stig. Féll kartöflugras þá víða. Frost mældist 12 sinnum í mælaskýli í mánuðinum.

Skógurinn sölnaði mjög um og upp úr miðjum mánuðinum og láuffall byrjaði lítilsháttar þann 18. og var skógurinn að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

Í október var yfirleitt suðlæg átt, en talsverð snjó-
koma og frost þ. 1.- 6.

Hámark hita mældist 10.1 stig þ. 22, en lágmark -12.4
stig og -13.1 stig á lágmarksmáli v/ jörð þ. 1.

Í nóvember var breytileg átt, þó var norðlæg átt eink-
um tíðust. Óvenjulega var kalt og mun það fátítt að Þnjóská
leggi í nóvembermánuði. Talsverður snjór var allan mánuðinn.

Meðalsnjódypt var 42 cm., mest 60 cm.

Hámark hita mældist 7.8 stig þ. 17., lágmark -16.5 stig
og -19.8 stig á lágmarksmáli v/ jörð þ. 14.

Í desember var suðlæg átt tíðust og yfirleitt hægviðri.

Meðalsnjódypt mældist 25 cm, mest 35.cm.

Hámark hita mældist 8.1 stig þ. 27, en lágmark -21.4
stig og á lágmarksmáli v/ jörð - 26.7 stig þ. 3.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum árið 1969.

	Vik frá meðall.	Meðalhiti C°	Úrkoma mm.
Janúar	- 1.6	- 4.6 (-5.7)	109.2 (74.1)
Febrúar	- 4.8	- 7.9 (-6.0)	57.2 (28.7)
Marz	- 3.6	- 5.5 (-4.8)	41.5 (51.4)
Apríl	- 1.0	- 0.9 (-0.9)	18.9 (30.7)
Mai	- 1.0	4.1 (3.1)	4.1 (10.7)
Júní	1.3	10.0 (6.7)	35.3 (61.4)
Júlí	- 0.8	9.3 (11.7)	66.4 (18.9)
Ágúst	- 1.7	11.0 (9.6)	48.1 (71.0)
September	- 1.9	4.5 (6.7)	47.2 (35.5)
Október	- 0.3	1.7 (-2.1)	85.8 (44.6)
Nóvember	- 4.6	- 5.0 (0.9)	99.8 (58.6)
Desember	- 0.9	- 3.2 (-4.0)	33.0 (41.9)
Árið	- 1.8	1.1 (1.3)	646.5 (527.5)

Tölurnar í svigun gefa til kynna hita og úrkomu ársins
1968.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Eins og getið er í yfirliti um veðurfar, fór brum á birki að þrútna um 20. maí og fór skógurinn að litkast um 4. júní og var lerkí þá algrænt að kalla. Skógurinn taldist allaufgaður 12. júní.

Í lok ágústmánaðar byrjaði skógurinn að gulna og sá mjög á honum um og upp úr miðjum september. Lauffall byrjaði lítillega 18. september og var skógurinn að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

b. Vöxtur.

Vöxtur var yfirleitt góður á öllum trjátegundum og þó júlí hitstig reyndist -0.8 stigum neðan við meðallag, þá bættu júní og ágúst það vel upp, var júní 1.3 stigum ofan við meðallag og ágúst 1.7 stigum. Þá var úrkoma líka með meira móti.

Vöxtur var góður í Fellsskógi og nokkuð góður í Sigríðarstaðaskógi og reyndar með bezta móti í öðrum skóglendum, þó betri þar sem meiri raki í jörð.

Í Ásbyrgi hefur lerkíð vaxið vel, þar sem snjór hefur ekki brotið það niður og mældist hæsta lerkíð inni í byrginu 5.4 m, líklega gróðursett 1952 eða '53.

c. Fræfall.

Fræfall á birki varð minna en búast hefi mátt við, nokkru magni var þó safnað og var sent af því sýnishorn að Mógilsá svo hægt væri að reyna spírunarhafni þess.

d. Skaðar á trjám.

Engir nýir skaðar eða skemmdir komu fram á trjágróðri og ekki brotnaði eða sligaðist meira en við má búast, í skógunum yfirleitt.

3. S T A R F S F Ó L K.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er ekki meðreiknuð í vinnustundafjölda.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1969.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv. kr.</u>
Janúar	2	212	16.047.00	
Febrúar	2	243	18.191.70	
Marz	3	330	24.142.80	
Apríl	4	392	27.912.70	
Mai	17	1.775	111.617.60	
Júní	25	2.584	160.284.80	52.218.00
Júlí	21	2.528	166.191.40	2.278.00
Agúst	15	1.586	112.949.20	
September	10	621	45.066.30	
Október	7	687	45.893.50	
Nóvember	2	186	16.407.00	
Desember	<u>1</u>	<u>140</u>	<u>14.155.60</u>	
		9.509	758.449.60	54.496.00
		<u>Alls kr.</u>	<u>812.945.60</u>	

Vinnulaun skiptast svo:	Dagv.	672.209.30
	Eftirv.	68.369.20
	Nv.-Hdv.	5.088.10
	Ákv.v.	54.496.00
	Dagpen.	<u>11.973.00</u>
	<u>Kr.</u>	<u>812.945.60</u>

Starfsfólki úr Hálshreppi voru greiddar kr. 668.383.00 í vinnulaun árið 1969.

Vilmundur Andrésson annaðist verkstjórn í gróðrarstöð með sömu verkaskiptingu við skógarvörð og áður. Sigurlaug Jónsdóttir, Vöglum, var ráðskona, annars litlar breytingar á starfsliði.

4. G I R Þ I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, eftirlit, smölun og efniskostnaður
(á aðeins staurar) varð sem hér greinir:

	<u>Viðhaldskostn.</u>	<u>Staurar.</u>	<u>Eftirl.& smölun.</u>
Vaglagirðing..... kr.	3.551.00	3.875.00	
Þórðarstaðagirðing -	14.271.50	7.650.00	3.685.80
Sigríðarst.girðing -	2.499.50	1.200.00	1.922.00
Mela-og Stórh.girð -	10.381.00	1.350.00	
Sandhaugagirðing.. -	2.719.30	1.215.00	3.800.00
Fellsskógargirðing -	693.00		
<u>Alls Kr.</u>	<u>34.115.40</u>	<u>15.290.00</u>	<u>9.407.80</u>

Viðhaldskostnaður varð svipaður og á sl. ári, ef tillit er er tekið til breytinga á kaupum.

Í Vaglagirðinguna var bætt 155 staurum 5 feta. Á girðingunni eru enn kaflar sem þyrfti að hækka upp, sérstaklega að sunnan og er alltaf sú hættu að fé komist þar út í skóginn. Þyrfti nauðsynlega að bæta úr því.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 40 staurum 6 feta og þarf að bæta aflstaurum í girðinguna næsta sumar.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 60 staurum 5 feta og eins oft hefur verið getið áður, er hún mjög léleg orðin á köxflum. Þömu sögu er að sækja með Mela-og Stórhöfðagirðinguna og er viðhald þeirrar girðingar alltaf lang dýrast sé miðað við stærð. Í þá girðingu var bætt 20 staurum 6 feta og 30 staurum 5 feta.

Í Þórðarstaðagirðingu var bætt 130 staurum 6 feta og 150 staurum 5 feta, ásamt 20 járnstaurum, 5 rl. af vírneti og 2 rl. af gaddavír og er þá meðtalið efni til að girða 400 metra girðingu út frá gafli girðingarinnar að sunnan. Var það gert til þess að reyna á þennan hátt að bægra frá stöðugu fjárrennsli upp með girðingunni. Leitar féð mjög ákaf á að komast inn í girðinguna á þessum slóðum, enda mikill fjöldi rekinn suður á dalina.

5. SKÓGARHÖGG.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1969, sýnir að seldar og afhentar voru viðarafurðir að verðmæti kr. 210.659.00. Þar af til S. r. fyrir kr. 2.815.00 og til eigin nota er reiknað kr. 22.490.00

Útistandandi hjá viðskiptamönnum 31/12, fyrir árið 1968 kr. 65.025.00 og f. árið 1969 kr. 33.884.00, alls kr. 98.909.00.

Kostnaður við skógarhögg var kr. 36.625.00, við eldivið og staura kr. 72.264.10 (vinnulaun). Annar kostnaður við eldivið og staura, þ. e. fúavarnaefni, umbúðir ofl. kr. 24.153.40, alls kr. 133.042.50. Að auki koma frægtgjöld, sem eru um 26.000.00 kr.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum árið 1969.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta.</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta.</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u> <u>Samtals</u>
Sala 1969	550	1910	3100	19.3	0.5	188.169.00
S. r. Vöglum		395	190	10.0		22.490.00
Birgðir Vöglum	250	800	800	18.0	3.0	48.800.00
" Þórðarst.				7.0		42000.00
	800	3105	4090	54.3	3.5	260.659.00
Birgðir 1968	500	2605	3.440	40.0	3.0	146.376.00
Högg	300	500	650	13.3	0.5	122.284.00
Tonn	0.75	2.00	4.23	13.3	0.5	20.78

Í sambandi við birgðir 1968, skal þess getið að rýrnun á staurum 6 feta er 850 stk, en auk þess millifærsla á flokkum.

Það vill lengi brenna við að sála birgðirnar of hátt, en nú var fyrir það girt og vandlega talið. Ennfremur kemur alltaf dálítið af svo lélegum staurum að þeim er alveg kastað frá.

Fúavarðir voru 725 staurar, auk 200 staura fyrir Orlofsheimilin á Illugastöðum. Aðeins til 150 staurar 5 feta fúav.

Var nú mikið af staurunum aðeins fúavarið til hálfis vegna þess hve efniskostnaður er orðinn mikill.

Í Vaglaskógi var höggvið í reitum nr. 210, 211, 307 309 og 320, ofan af kerki og hvítgreni, auk þess sem unnið var að því að hreinsa burtu brotin og skemmd tré á fjölförnustu stöðnum, vegna ferðafólks.

Í Þórðarstaðaskógi var höggvið norðan Bláagils, ofan vegar og í Sigríðarstaðaskógi grisjað fyrir gróðursetningu í norðurskóginum og höggvið oðan af eldri gróðursetningum þar.

Í Fellsskógi unnu landeigendur að skógarhöggi, gfanjun ofan af gróðursetningum.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

A. Nývirki og umbætur.

Nývirki eða umbætur voru ekki gerðar á þessu ári.

b. Fræðingur.

Sáning hófst 23. maí og lauk að mestu 27. s. m. Sáð var 7.82 kg. í 415,5 m².

Yfirleitt tókst sáningin vel, að því undanskildu að birkið spíraði nokkuð misjafnt bæði það sem sáð var í gróðurhúsið og eins hitt sem sáð var undir gler.

d. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 155.200 plöntur, þar af 3.700 plöntur í tímavinnu, hinar allar í ákvæðisvinnu.

Dreifsetningin hófst 21. maí og lauk 13. júní. Unnu þrjár stúlkur að þessu starfi.

Dreifsetningin tókst yfirleitt vel, en talsvert minna kom af plöntum til dreifsetningar en ráðgert var, vegna vanhalds á 2/0 plöntum sem stöfuðu af myglu.

e. Hreinsun.

Þrjár stúlkur unnu við hreinsun í sumar í gróðrarstöðinni, auk þess sem stúlkur frá Vinnuskóla Húsavíkur unnu hér 48 dagsverk.

Sömu lyf voru notuð við fræ- og dreifbeð og áður, þ. e. White spirit og Simasin. Hefi áður getið um áhuga minn á því að nota Amitrol til reynslu á fræbeð, en ekki fengið og sjálf-sagt er einnig þarflegt að endurskoða það hvort Simasin er það bezta sem hægt er að fá á dreifbeð.

e. Umbúnaður.

Vetrarumbúnaður var eins og áður lítill liður í reksturskotsnaði gróðrarstöðvarinnar, rösk 2% af heildarkotsnaði.

f. Afhending.

Afhentar voru 143.090 plöntur, að verðmæti kr. 326.756.20, en auk þess voru afhent 15 þúsund lerki og 1 bergfurur frá Hallormsstað fyrir kr. 31.826.00.

Áætlun um afhendingu stóðst nokkuð vel. Til afhendingar komu um 6 þúsund fleiri stafafurur, en áætlað, en hinsvegar hefði verið hægt að afhenda 60 - 70 þúsund plöntum fleira af rauðgreni enk gert var, en ekki var hægt að koma meira út.

Seldar og afhentar plöntur 1969.

<u>Frás.nr.</u>	<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Fjöldi.</u>
684	Birki	Bejarst.	2/0	8.850
641	"	"	3/0	3.745
642	"	"	5/0	3.200
642	"	"	2/2	7.250
561	"	"	3/2	4.500
568	Hvítgreni	Wansa Lake	4/3	5.005
531	Rauðgreni	Namsk.	3/4	2.150
328	"	Vefsen Gr.	3/4	50.025
554	"	Namdal	3/4	18.270
591	Stafafura	Skagway	2/2	36.420
633	Rússalerki	Arkangel'sk	2/2	3.675

Alls 143.090

g. Garðplöntur.

Selt var nokkuð af garðplöntum, dælitíð af birki úr gróðrarstöðinni og hnausplöntur úr skóginum, birki og stafafura og lerki, en stafafuran og lerkid var gróðursett of þétt upphaflega.

Settir voru níður um 800 stiklingar af viðju, en þeir rattu sig nokkuð dramt.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1970.

<u>Fræs.nr.</u>	<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Aldur</u>	<u>Fjöldi.</u>
714	Birki	Hallormsst.	2/0	15.000
684	"	Bæjarst.	3/0	23 .000
646	"	Skillingst.	3/0	1.000
646	"	"	2/2	1.800
631	"	Rogann	2/3	350
642	"	Bæjarst.	2/3	3.750
642	"	"	3/3	1.600
				<u>48.500</u>
567	Hvítgreni	Cr. river	4/3	3.200
579	Rauðgreni	Stjördal	4/3	15.000
579	"	"	3/4	6.500
328	"	Vefsen Gr.	4/4	20.000
531	"	Namsk.	4/4	6.500
554	"	Namdæl	3/5	12.800
531	"	Namsk.	3/5	6.000
				<u>66.800</u>
596	Bergfura		3/2	2.200
596	"		2/3	4.400
				<u>6.600</u>
651	Stafafura	Wansa Lake	2/2	4.000
671	"	Fort St. J.	2/2	3.200
673	"	Hazelton	2/2	4.000
670	"	Anaheim	2/2	8.000
665	"	Mt. Louise	2/2	200
593	"	Barkerv. Rd.	3/2	3.100
594	"	Pr. George	3/2	2.800
				<u>25.300</u>
			Alls	<u>150.400</u>

n. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

135 kg. kalksaltp.
 90 - ammoniumsulf.
 95 - kalí
 60 - brífosfat
 125 - 22-11-11-
 10 - 12-12-17-2-

Ekið var 15 tonn af húsdýraáburði í reitina í haust, ennfremur 45 tonn af sverði til þess að nota fyrir sáningar í gróðurhúsinu.

i. Annað.

Sundurliðun kostnaðarliða vegna reksturs gróðrarstöðvarinnar sýnir að um hækun er að ræða frá f. ári sem nemur tæpum 40 þúsund krónum. Launahækkningar eru þar vafalaust aðal orsökkin.

Um frekari sparnað er varla að ræða, nema þá með aukinni notkun lyfja á illgresi í sáningum

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1969.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar plöntur..	326.756.20	
Verkstjóri.....		58.713.40
Ráðskona.....		54.081.90
Fræplöntur.....		95.791.00
Dreifplöntur.....		135.693.20
Hreinsun.....		78.262.00
Vetrararbúnaður.....		8.928.00
Viðhald vermireita.....		2.403.00
Viðh. lóða, vega o. fl.....		22.717.00
		<hr/>
<u>Alls.</u>	<u>326.756.20</u>	<u>456.589.50</u>

Skemmdir urðu miklar á 2/o plöntum og þó sérstaklega á 1/o plöntum. sl. vetur og vor. Var fylgst með plöntum strax og snjóa fór taka, en við ekkert varð ráðið þó reynt væri að moka ofan af þeim og myglað komu þar upp úr klakahellunni. Má segja að bergfura 1/o hafi þrækast út, en stafafura skemdist líka.

Sl. haust var spreutað með ýmsum lyfjum gegn myglunni og verður fylgst vandlega með árangri,

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 28.515 plöntur, 515 plöntum fleirá en áætlað.

Áðallega unnu þrír menn að gróðursetningunni og var kostnaður kr. 1.20 á plöntu.

Í Sigríðarstaðaskógi eru tilbúnir til gróðursetningar um 1,5 ha. lands og um 1.0 ha. í Þórðarstaðaskógi, fyrst og fremst land fyrir fyru og lerki.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 18.- 30. júní. Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett í áfranhalði við gróðursetningu síðasta árs, dagana 10.- 21. júní og í Fellsskógi var gróðursett 20.- 20. júní. Var þar gróðursett í reiti nr. 2 og nr. 5, bætt inn í rauðgreni er þar var fyrir.

Bíl milli plantna 1.4x1.4 m.

c. Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegund.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Rauðgreni	4/3	Namsk.	319	550.
"	Stafafura	2/2	Skagway	110	<u>5.750</u>
					6.300
Fellsskógur	Rauðgreni	3/4	Vefsen Gr.		<u>5.000</u>
Sigríðarstaða.	"	4/3	Namsk.		1.600
"	Hvítgreni	4/3	Wansa Lake		1.740
"	Stafafura	2/2	Skagway		6.275
"	Lerki	2/2	Hakaskoja		<u>5.100</u>
					14.715.
Ásbyrgi	Rauðgreni	3/4	Vefsen Gr.		<u>2.500</u>
				<u>Alls</u>	<u>28.515.</u>

d. Yfirlit yfir plantanor Skógræktarf. S.-Þing. o. fl.

Í Fossselsskógi var gróðursett dagana 23. - 30. júní og aftur 5. - 13. ágúst. Unnu aðallega þrír menn að gróðursetningunni.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegund.</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Plöntufjöldi.</u>
Fossselsskógur	Hvítgreni	4/3	Wansa Lake	1.010
"	Rauðgreni	3/4	Vegsen Gr.	7.350.
"	"	3/4	Namdal	7.320
"	Stafafura	2/2	Skagway	9.425
"	Síberíulerki	2/2	Hakaskoja	1.750
"	Rússalerki	2/2	Arkangelisk	2.175
				<u>29.030</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	3/4	Vefsen Gr.	4.000
Gvendarstaðir	Hvítgreni	4/3	Wansa Lake	400
"	Bergfura	2/2	Þyr.	300
"	Stafafura	2/2	Skagway	500
"	Rússalerki	2/2	Arkangelisk	1.500
				<u>2.700</u>
Stafn	Síberíulerki	2/2	Hakaskoja	1.000
Botnsvatnsg.	Stafafura	2/2	Skagway	2.400
				<u>2.400</u>
				<u>3</u>
			<u>Alls.</u>	<u>39.130</u>

Í Fossselsskógi voru grísjæðir um 3 ha. og var byrjað norður við girðinguna og haldið suður. Sóttist verkið seint og var hálfgróðursett, enda aldrei grísjæð áður.

Sautján piltar úr Vinnuskóla Húsavíkur unnu 34 dagsverk, dagana 7. - 11. júlí við áburðargjöf og við að klippa og hreinsa frá plöntum. Var notaður garðáburður og 22-11-11, alls 14 sk.

Aldur piltanna var 9-12 ár og verður ekki lagt upp með svo unga sveina aftur. Mikil atvinna á Húsavík kom í veg fyrir að við fengjum eldri pilta, eins og ráðgert hafði verið.

Piltarnir unnu undir stjórn Pálmars Magnússonar, kennara frá Akureyri.

Kostnaður við framkvæmdir í Fossselsskógi (vinnulaun) varð kr. 70.520.20, sem skiptist þannig: Gróðursetning kr. 41.555.10, grisjun kr. 20.181.10, ráðskona kr. 5.716.00 og laun verkstjóra v/ vinnuskóla kr. 3.068.00

Tjáfplöntur voru keyptar fyrir kr. 43.077.00, en auk þess voru skógræktarfélaginu afhentar plöntur ókeypis að verðmæti kr. 18.746.70

Annar kostnaður, áburður, akstur, benzín, tryggingar og fæðiskostnaður var kr. 11.906.00, svo að alls greiddi félagið vegna framkvæmda í Fossselsskógi kr. 123.503.20

8. HIRÐING.

a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Vaglaskógi var gert talsvert átak við að hreinsa frá og grisja ofan af barrplöntum í reitum þeim er áður er getið í sambandi við skógarhögg.

Þá var, eins og áður getur, farið um fjölförnustu staðina hér í skóginum og tekin burt brotin, sliguð og skemmd tré eftir því sem tímivvannst til.

Í nóvember og desember var unnið að grisjun nr. 328, 330 og norðan Vaglavegar, neðan túns.

Í Sigríðarstaðaskógi var grisjað ofan af og hreinsað frá plöntum sem gróðursett voru 1959.

Í Fellsskógi var hreinsað frá plöntum í reitum nr. 7, 8, 9, í Yztafellshluta. Yztafélismenn héldu áfram að grisja birkið sem þarna er alltof þétt og þarf að vinna þarna mikið næstu sumur.

Í Ásbyrgi vann ég nokkra daga í okt. sl. ásamt fleirum, við að hreinsa frá og lagfæra lerkið sem þar hefur verið gróðursett. Ennfremur var unnið við grisjun á birkinu nálægt tjörninni, þar sem ferðafólk fer hvað mest um.

Er nauðsynlegt að vinna mikið að grisjun í Ásbyrgi á næstu árum og er sýnilegt að mjög þarf að auka þá starfsemi.

Kostnaður við hirðingu skóglenda varð kr. 37.414.50.

9. VEGAGERÐ.

Engar nýjar framkvæmdir, en vegir heflaðir og haldið við eins og tók voru á. Þá var höggvið og hreinsað frá vegum þar sem þurfa þótti og tók Vegagerð ríkisins, þátt í þeim kostnaði að hluta.

10. BYGGINGAR.

a. Nývirki.

Á árinu var lokið við að setja upp handrið, þau er vantaði úti og inni í skógarvarðarbústað og lokið ýmsu sem eftir var að ganga frá til fullnustu, ennfremur við bílskúr, t. d. málning á þaki o. fl. Kostnaður um tæpar 36 þúsund krónur.

Í verkafólksbústað var settur gólfdukur á setustofu og borðstofu og þau herbergi máluð. Málað þak og gluggar. Keypt voru tvö yönduð matborð í borðstofu. Kostnaður varð tæpar 42 þúsund krónur.

b. Viðhald og endurbætur.

Á Þórðarstöðum fóru fram gagngerðar endurbætur á raflögn, þar sem rafmagn frá Laxárvirkjun var leitt í húsið. Í staðinn fyrir Sóló-eldavélina, sem var seld, var komið fyrir rafhitun. Ábúandi lagði til eldavél sjálfur. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um kr. 66 þúsund.

Nýbyggingin frá 1951-53, þarfnast talsverðra lagfæringa með og þá sérstaklega hvað einangrun snertir. Verður ekki hjá því komist, áður langt liður að einangra loft yfir hæðinni, útihurð er ónýtt. - Þess skal og getið að þak var málað á íbúðarhúsi.

Í Ásbyrgi fóru einnig fram miklar endurbætur á íbúðarhúsinu. Raflögn var endurnýjuð, þar sem rafmagn frá Laxárvirkjun var leitt inn í húsið.

Beð og snyrtiherbergi var fært upp á hæðina og breitt um leið herbergjaskipan. Lagfært loft í stofu og málað. Kostnað yfir þessar framkvæmdir hefi ég ekki, þar sem reikningar voru sendir beint á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík. - Útihurð í Ásbyrgi er ónýtt og þyrfti að endurnýja.

Lokið var við að ganga frá verkferageymslu í gróðrarstöð, málað þak og tjargaðir veggir.

Á Vöglum I var þak málað á íbúðarhúsi, svo og þök á öðrum byggingum þar.

Í Brúarlundi voru ýmsar smálagfæringar að venju vegna samkomuhalds og svo snjómokstur af þökum eins og alltaf þegar mikill snjór leggst á þau.

11. VÉLAR OG VERKFERI.

a. Mótörvélar.

Dráttarvélin var notuð eins og áður við gróðrarstöðina, en minna í skóginum þar sem miklu minna var nú sagað og ekið saman af við en áður.

Reksturskostnaður varð kr. 20.089.20, sem skiptist þannig: Smurning og olíur kr. 5.799.00, viðhaldskostnaður kr. 13.395.10 og tryggingar kr. 995.00

Bifreiðin var notuð mikið mánuðina maí- september, við flutninga vegna gróðursetningar, girsjunar, plöntuflutninga o.fl. Bifreiðin var tekin af skrá í byrjun september.

Reksturskostnaður varð kr. 36.772.70, benzín og olíur kr. 7.656.70, viðhald kr. 20.040.00 og skattar og tryggingar kr. 9.067.00.

Fyrir dyrum stendur viðgerð á girkassa, en legur virðast endast stutt og illa.

Áskilegt væri að fá nýja starlett keðjusög, en önnur sögin sem við höfum er orðin afar slitin og of mikill tími fór til viðgerða sl. sumar.

12. ÝMI SLEGT.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með flesta móta enda veðurfer hegstaðara hér en víðast annarsstaðar á landinu.

Umgangni var nokkuð góð og virðist alltaf vera að lagast.

Um ferðunarmannahelgina var hér mikið fjölmenni, allt að 10 þúsund manns, sennilega mesta fjölmenni sem hér hefir saman komið.

Mesta vandamálið er enn sem fyrr, salerni vantar nauðsynlega með rennandi vatni. Í hitum eins og voru þessa helgina eru úti-kamrar ekkert góðslegir, þó notuð séu öll ráð til að halda þeim þrífalegum.

Starfsfólk S. r. sá um hreinsun og tjaldvörzlu um ferðunarmannahelgina og var það til bóta.

Borinn var tilbúinn áburður á tjaldstöði í Ásbyrgi og Vagla-skógi og eins og áður er getið veru fjarlægð skemmd og brotin tré eftir því sem tími vannst til og hreinsað yfirleitt tvisvar í viku.

Kostnaður vegna ferðafólks varð kr. 42.203.30 og er þá með talin grísjun og hreinsun á brotnu birki.

b. Gestir skógræktarinnar.

Af gestum má nefna Finn Roll-Hansen, próf. og frú í fylgd Hauks Ragnarssonar og Helga Hallgrímssonar og síðar Henning Thomsen, sendiherra, sem kom hér í fylgd með K. Sonnenfeld, ræðismanni á Akureyri, ennfremur Dick Ledgard frá Nýja-Sjálandi.

c. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Að venju sá skógarvörður um frambætur í skóglendum skógræktarinnar, svo og frambætur Skógræktarfélags S.-Þingeyinga.

Sat ferðamálaráðstefnu að Reynihlíð í Nývatnssveit 16. og 17. maí. Benti þar m. a. á nauðsyn þess að koma upp snyrtingum með rennandi vatni á fjölförnum stöðum eins og t. d. í Vaglaskógi. Síðar var upplýst að næst á eftir Laugarvatni kæmi röðin að Vaglaskógi.

Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Stykkishólmi, var við gróðursetningu í girðingu skógræktarfélags Húsa-víkur við Botnsvatn og leiðbeindi um gróðursetningu að Grundarstöðum í Ljósavtnshreppi. Venn nokkra daga við grísjun í Ásbyrgi í lok októbermánaðar.

d. Ýmislegt.

Um verzlunarmannahelgina var haldin samkoma af sömu aðilum og áður og í júlí var haldinn dansleikur í Brúarlundi á vegum U. M. F. Bjarna og Skógræktarfélags S.-Þingeyinga og í sama mánuði hélt Héræðssamband N.-Þingeyinga samkomu í Ásbyrgi.

Yfirleitt má segja að þessar samkomur hafi farið vel fram.

Aðfram var haldið að planta lúpínu á Hálsmeila og tilbúinn áburður borinn á neðan vegar. Þá var tekið fyrir um 2 ha. svæði af örfoka landi og sáð í það fræi sem fengið var frá Landgræðslu ríkisins. Var borið á þessi svæði um 30 sk. af tilbúnum áburði, mest kjarna. Kostnaður varð tæpar 8 þúsund krónur.

Reynt var til hins ýtrasta að halda fjárhagsáætlunina, en tókst þó ekki. Var farið fram úr áætlun um 35 þúsund krónur, þrátt fyrir meiri heimatekjur en áætlað. Hins ber þá að geta að hvergi var gert ráð fyrir kostnaði vegna ferðafólks og að það voru liðirnir viðhald girðinga, hirðing skóglenda og ýmiss kostnaður vegna fasteigna sem fram úr áætlun fóru.

Eftir mörg köld vor og sumur var þetta sumar dásamleg sending sem seint gleymist.

Vöglum 28. janúar 1970.

Handwritten signature